



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 1. nóvember 2019

USK2019090005

5.8

Borgarráð

***Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu að göngubrú yfir Breiðholtsbraut - R19080207.***

Á fundi borgarráðs 10. október 2019 lögðu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

*"Í framhaldi af svari umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn Flokks fólksins vegna aðkomu að göngubrú yfir Breiðholtsbraut sem lagt var fram á fundi borgarráðs 10. október 2019 er óskað eftir nánari upplýsingum um aðkomu gangandi vegfaranda frá Mjódd að göngubrúnni. Er gert ráð fyrir óbreyttri aðkomu í framtíðinni, það er að ekki verði hægt að komast upp á göngubrúna frá Mjóddinni, heldur verði að taka sveigu til vinstri inn í Arnarbakka til að fara inn á brúna frá Arnarbakka?"*

Svar:

Frá Mjódd liggja gönguleiðir upp með Arnarbakka beggja megin götunnar. Sé valin leiðin meðfram Arnarbakka að norðaustanverðu þarf einungis að þvera Arnarbakka á einum stað til að komast inn á stíginn sem liggur upp að göngubrúnni.

Á það skal einnig bent að á um það bil miðri þessari leið, rétt við götuna Stöng ( sem er litla gatan milli Arnarbakka og Breiðholtsbrautar ) eru undirgöng undir Breiðholtsbraut sem er annar góður valkostur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem eru að koma neðan úr Mjódd.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

